

9. Nám og yfirfærsla náms á daglegt líf

9.b. Að geta nýtt sér nám í daglegu lífi

Í þessum kafla er rætt áfram um nám notenda og skoðað hvernig það getur nýst í daglegu lífi, eða það sem kallað er *yfirfærsla náms*.

Eins og fram kom í kafla 9.a. um markmið þá getur nám haft margvíslegan tilgang og mikil áhrif á daglegt líf, en bara ef okkur tekst að nýta það. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að hægt sé að nýta nám notenda mun betur í daglegu lífi til þess að vinna gegn tilbreytingarleysi og gera notendum kleift að lifa innihaldsríkara lífi.

Fram kom að nokkuð algengt virðist vera að aðstoðarfólk annaðhvort gleymi eða nenni ekki að sinna þeim verkefnum sem því hefur verið falið í tengslum við nám notanda þegar heim er komið. Eins og fram kom í kafla 7 um persónueiginleika aðstoðarfólks þarf aðstoðarfólk oft að aðstoða notanda við að taka frumkvæði að því að nýta sér nám í daglegu lífi.

Í rannsókninni var litið svo á að aðstoðarfólk sé mikilvægur hlekkur í því þýðingarferli sem þarf að eiga sér stað á milli námsaðstæðnanna og aðstæðnanna þar sem námið á að nýtast, í þessu tilfalli hins daglega lífs. Það þarf að vera meðvitað um hvað notandi er að læra og vera tilbúið að grípa þau tækifæri sem gefast til að nýta námið í daglegu lífi. Það þarf líka að fá hvatningu og góðar vinnuaðstæður sem gerir því kleift að nota slík tækifæri með notanda.

Það er mikilvægt að æfa sig í að líta á nám notenda sem tækifæri til að vinna gegn tilbreytingarleysi, líka utan kennslustofunnar.

Verkefni: Vinnið saman í litlum hópum og hugsið um einn notanda sem allir í hópnum þekkja vel.

Reynið að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvað er notandi að læra eða hvað hefur hann/hún verið að læra?
- Hvernig væri hægt að aðstoða notanda við að nýta námið betur í daglegu lífi? (Finnið nokkur dæmi, setjið ykkur í spor notanda, hvað myndi hann/hún vilja geta gert heima eða í vinnunni?)
- Hvað vantar okkur til þess að geta aðstoðað notanda við að nýta námið á þennan hátt? (gögn frá kennara, betri vinnuaðstæður, hvatningu, áminningu...).